

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 902 (28.3.2019) - Frá vinnuhópi um uppbygging á vallarsvæði UMFS á Dalvík - drög að samningum

Málsnúmer : 201709001
Málsaðili : Ungmennafélag Svarfdæla
Niðurstaða (stutt) : Vísað áfram
Fundardagur : 28.03.2019

Inngangur : Á 899. fundi byggðaráðs þann 7. mars 2019 var m.a. eftirfarandi bókað:
"Byggðaráð leggur áherslu á að fyrir liggi frá UMFS endanleg kostnaðaráætlun með fjármögnun ásamt rekstraráætlun fyrir framkvæmdinni áður en gengið verður frá samningi um uppbyggingu á íþróttasvæðinu."

Á fundinum var farið yfir drög að eftirtöldum samningum:

- a) Gagnkvæmur afnotaréttarsamningur um gervigrasvöll milli Dalvíkurbyggðar og UMFS
- b) Samningur um gervigrasvöll milli Dalvíkurbyggðar og UMFS

Á fundinum var farið yfir eftirtalin fylgigögn frá UMFS með samningsdrögum:

- a) Kostnaðaráætlun framkvæmdarinnar og fjármögnun.
- b) Greiðsluáætlun.
- c) Rekstraráætlun fyrir gervigrasvöllinn á ársgrundvelli.

Niðurstaða : a) Byggðaráð samþykkir með 2 atkvæðum að fela sveitarstjóra að útfæra fyrirbyggjandi drög að samningum með þeim markmiðum að hægt sé að afgreiða ofangreinda samninga á næsta fundi sveitarstjórnar, Guðmundur St. Jónsson situr hjá þar sem gögn komu inn rétt fyrir fundinn og því ekki svigrúm til að kynna sér þau til hlítar.
b) Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að fela sveitarstjóra að afla upplýsinga frá sviðsstjóra veitu- og hafnasvið um fyrirkomulag framkvæmda veitna við gervigrasvöllinn.